# Söngur Ræningjanna

Kristján frá Djúpalæk þýddi

Thorbjörn Egner




Hjá slátraranum finnst það flest
sem freistar svangra gesta,
við þurfum líka ljónamat
og lifur er það besta.
Af rifjasteik við tökum toll,
þrjár tungur og svo bringukoll.
Þó tökum við aldregi of eða van,
hvorki Kasper og Jesper né Jónatan.

Í bakarí við brjótumst inn
en bara lítið tökum,
tólf dvergsmá brauð, sex dropaglös
og dálítið af kökum.
Svo étur kannski Jónatan
af jólaköku bláendann
Þó tökum við aldregi of eða van,
hvorki Kasper og Jesper né Jónatan..